# Ferðakostnaður yngri flokka í knattspyrnu

Vinnulýsing vegna framkvæmdar þegar yngri flokkar í knattspyrnu ferðast á milli landshluta vegna leikja á vegum KSÍ

Gleði Virðing Metnaður

# Stakir leikir á vegum KSÍ

Þegar skipulag er komið vegna leikja hjá yngri flokkum þarf að huga að ferðatilhögun með góðum fyrirvara til að tryggja hagstæðara verð ef panta þarf rútu eða flug.

EINKABÍLL: Ávallt skal stefnt að því að fara á einkabílum, en annars er pöntuð rúta frá viðurkenndu fyrirtæki.

RÚTA: Ef leikstaður er umfram 100 km í burtu skal kanna með tilboð frá rútufyrirtæki.

FLUG: Ekki er gert ráð fyrir að lið fjúgi í leiki nema ef leikir eru í nágrenni Egilsstaða.

Þjálfari viðkomandi flokks hefur samband við skrifstofu HK sem í framhaldinu kannar með tilboð í rútu eða flug eftir því sem við á. Í einhverjum tilfellum gæti þjálfari þurft á bílaleigubíl að halda. Þjálfarar flokka skulu reyna eftir fremsta megni að sameina leiki og ferðir til að minnka kostnað.

**Þjálfari skal taka fram:**

- Ferðatímabil / Hvert ferð er heitið/ Fjöldi í rútu eða flug/ Ef þörf er á bílaleigubíl

# Framkvæmd greiðslu iðkenda

- Starfsfólk skrifstofu HK sendir þjálfara viðkomandi flokks staðfestingu þegar búið er að bóka ferð.
- Þjálfari stofnar viðburð í Sportabler fyrir þann hóp sem farið er með og sendir tilkynningu á forráðamenn (sjá leiðbeiningar á næstu glærum).
- Iðkandi ber ferðakostnað við ferðalög á leiki á vegum KSÍ.

| Ferðamáti | Kostnaður |
| --- | --- |
| Einkabíll | Greitt af iðkendum. |
| Rúta | Greitt af iðkendum en þó að hámarki 10.000 kr. fyrir ferð fram og til baka. |
| Flug (Egilsstaðir) | Iðkandi greiðir 35.000 kr. en HK það sem upp á vantar. |

Gleði Virðing Metnaður

# Leiðbeiningar til þjálfara Sportabler

1. Stofna leikmannahóp
   - Þjálfari stofnar leikmannahóp




2. Stofna viðburð




Gleði Virðing Metnaður

# Leiðbeiningar til þjálfara

- Upplýsingar tilgreindar t.d. „Rútukostnaður vegna.......“




Gleði Virðing Metnaður

# Leiðbeiningar til þjálfara

- Haka við **Gjald fyrir viðburð**
  - Hér þarf að skrá inn upplýsingar vegna greiðslu
  - Reikn. viðtakanda: velja „**Ferðakostnaður**“
- Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar er smellt á „Stofna viðburð“
  - Forráðamenn fá tilkynningu inn á Sportabler



Greiðslufrestur * | Greiðslufrestur dagsetning | HH:MM

Skýring* | T.d. Skráningagjald, Rúta, Pizza...

Reikn. viðtakanda* | Viðtökureikningur

Upphæð* | Upphæð á hvern meðlim

☑ Bæta færslugjaldi við upphæð

☐ Slétta upphæð (námundun)

| | |
|---|---|
| Upphæð til þín | 0 kr. |
| Færslugjald | 0 kr. |
| **Heildarupphæð** | **0 kr.** |

*Lærðu meira um greiðsluþjónustu okkar*

Stofna viðburð

**Gleði Virðing Metnaður**

# Framkvæmd lokagreiðslu

- Bókari HK sér um að bóka reikning þegar hann berst og skráir í kerfið
    - Gjaldkeri BU samþykkir þar sem heildargreiðsla fer út af aðalreikningi BU
- Bókari HK skráir beiðni um samþykki fyrir að millifæra út af 0536-04-761210 (HK reikningur vegna ferðalaga“
    - Gjaldkeri BU samþykkir

# Gistimót – Tilboð í rútur

1. Tengiliður flokksráðs viðkomandi flokks hefur samband við skrifstofu HK þegar liggur fyrir hvaða gistimót verður farið á og óskar eftir tilboði í rútur.

   Tengiliður þarf að taka fram:

   - Ferðatímabil
   - Hvert ferðinni er heitið
   - Fjöldi í rútu

2. Starfsfólk skrifstofu lætur tengilið vita þegar tilboð liggur fyrir.
3. Tengiliður skráir tilboð í kostnaðaráætlunarskjal sem er notað til að ákvarða heildarverð fyrir iðkanda.
4. Tengiliður lætur þjálfara vita þegar heildarverð fyrir mót er komið
   - Þjálfari stofnar viðburð með greiðslufyrirkomulagi í Sportabler (greiðslur lagðar inn á reikning viðkomandi flokks)
5. Tengiliður hefur samband við skrifstofu HK og óskar eftir að millifærsla sé framkvæmd út af reikningi viðkomandi flokks.

Gleði Virðing Metnaður